



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Hundar á ferð Mikilvægt er að fræða hundaeigendur um ábyrgð sína og eðli hunda, segir í þessum pistli frá yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun.

Hundar sem bíta

I Grágás kveður á um skyldur hundaeigenda og refsingar og skaðabótaskyldu vegna hunda sem bíta. Það hefur því um aldaradír verið talið nauðsynlegt að hafa reglur um hundahald.

Að undanfögnu hefur verið töluverð fjölmiðlaumræða um hunda sem bíta menn. Brýnt virðist að sveitarfélög landsins samstilli viðbrögð sín við slíkum uppkomum, þá í samráði við dýralækna- og lögregluþjónu þannig að hægt sé að taka á málum fljótt og af festu. Skerpa þarf einnig og samræma almennar kröfur um hundahald bæði í þéttbýli og sveitum; langflestir hundaeigendur annast sína hunda af ábyrgð en alltaf eru einhverjir innan um sem koma óorði á dýrin.

Sömuleiðis verða að vera samræmd viðbrögð þegar hundar bíta önnur dýr. Lengi hafa þær óskráðu reglur gilt í sveitum landsins að hundar sem staðnir eru að verki eru rétttræpir á staðnum; ef þeir nást ekki þá láta eigendur lóga þeim. Hundaeigandinn hefur sömuleiðis verið talinn bótaskyldur vegna tjónsins, flestir eru tryggðir fyrir svona búsigfum.

En tímarnir breytast, nú eru þéttbýlisbúar mikið á ferðinni um landið með hundana sína, oft dýra hunda sem litid er á sem fjölskyldumeðlimi. Oft átta eigendurnir sig ekki á hve mikinn skaða hundarnir geta gert á skömmum

tíma, þeir reka fé fyrir björg eða á girðingar, flæma lömb undan mæðrum sínum eða bíta féð. Stundum drepa þeir kindurnar eða særa til ólífis. Hundar bíta gjarna í hæla og læri, oft uppgötvast þetta ekki fyrr en í sláturhúsi þegar graftarkýli finnast í lærunum. Allt getur þetta valdið sauðfénu ómældum og langvinnum þjáningum og eigandanum miklum fjárhagsskaða. Hundar geta líka t.d. gert mikinn usla í varplöndum. Það er því aldrei saklaus leikur þegar hundar elta önnur dýr eða bíta, þar kemur veiðieðlið upp í hundinum og hann reynir að ná bráð sinni. Mikilvægt er að fræða hundaeigendur um ábyrgð sína og eðli hunda; að þeir sleppi aldrei hundum lausum þar sem fé gengur, að þeir kanni hvar hundurinn hafi verið ef hann sleppur úr augsyn einhverja stund og að þeir láti bændur vita ef minnsti grunur leikur á um að hundurinn hafi farið í fé eða aðrar skepnur.

Á sama hátt er mikilvægt að gera hundaeigendum grein fyrir ábyrgð sinni, ef svo illa vill til að hundur bítur fólk. Mikil hætta er á að slíkur hundur geri það aftur. Ábyrgir hundaeigendur láta svæfa slíka hunda. Hver vill bera ábyrgð á að slíkur hundur bíti barn til óbóta?

Halldór Runólfsson,
yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun.